

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1448/2006

2009/EES/11/22

frá 29. september 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

ásamt samhæfðum aðferðum til flokkunar búnaðar til greiningar sprengiefnis, þ.m.t. prófunaraðstæður.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Venjulega afskrifast búnaður til greiningar sprengiefnis á sjö til tíu árum. Taka skal mið af þessu þegar fyrningardagsetning slíks búnaðar er ákvörðuð.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leyndlegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin sem mælti fyrir um slíkar ráðstafanir.

- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

- 2) Gera skal sameiginlegar grunnreglur nákvæmari. Einkum skal mæla fyrir um nothæfiskröfur varðandi greiningarkerfi fyrir sprengiefni (Explosive Detection System) og endurskoða þær með reglulegu millibili, a.m.k. á tveggja ára fresti, til að tryggja að þær haldi áfram að endurspegla tækniþróun, að teknu tilliti til afkasta búnaðar til greiningar sprengiefnis, hvað hann kostar og hvaða gerðir fást á markaði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

- 3) Lítið skal á nothæfiskröfur varðandi búnað til greiningar sprengiefnis og þær kröfur sem snerta myndgæði slíks búnaðar samkvæmt staðli 1 og 2 sem fyrsta skrefið til að samræma að fullu tækniþróun fyrir slík kerfi. Til viðbótar þessum kröfum skal setja, eins fljótt og auðið er, kröfur sem snerta myndgæði búnaðar fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni samkvæmt staðli 3

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, bls. 48.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjútíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 240/2006 (Stjútíð. ESB L 40, 11.2.2006, bls.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leyntilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
